

Ársreikningur Dalvíkurbyggðar árið 2019 – frá sveitarstjóra

Ársreikningur Dalvíkurbyggðar 2019 var lagður fram til fyrri umræðu í sveitarstjórn þann 21. apríl. Samkvæmt 61.gr sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og samþykktum sveitarfélagsins skal ársreikningur staðfestur eigi síðar en 15.maí ár hvert. Sveitarstjórn fjallaði um ársreikninginn og fór síðari umræða fram þriðjudaginn 12.maí 2020.

KPMG hefur endurskoðað ársreikninginn og áritar hann samhliða afgreiðslu og áritun sveitarstjórnar við síðari umræðu. Ársreikningurinn er álitinn gefa glögga mynd af fjárhagsstöðu sveitarfélagsins um áramót og er hann í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög.

Niðurstaða ársreikningsins er góð og nokkuð umfram áætlun. Skýrist það að stærstum hluta af hærri tekjum en gert var ráð fyrir í öllum tekjustofnum. Nýtt var lögbundið hámark tekjustofna nema fasteignaskatts í A-flokki sem var 0,50% en lögbundið hámark þar er 0,625%.

Íbúafjöldi 1.des 2019 var 1.905 en var 1.904 1.des. 2018. Ársreikningurinn er nú birtur í heild sinni á heimasíðu sveitarfélagsins ásamt sundurliðun og lista yfir helstu birgja.

Rekstrarniðurstaða A-hluta er jákvæð um kr. 155.977.000 en áætlun gerði ráð fyrir kr. 33.250.000 með viðaukum ársins 2019.

Rekstrarniðurstaða A- og B- hluta er jákvæð um kr. 204.426.000 en áætlun gerði ráð fyrir kr. 69.994.000 með viðaukum ársins 2019.

Langtímaskuldir við lánastofnanir voru í árslok 2019 kr. 883.730.000 en voru í árslok 2018 kr. 737.246.000.

Á árinu 2019 var tekið lán að upphæð kr. 149.881.000 og endurlánað til Leiguíbúða Dalvíkurbyggðar. Afborganir langtímalána fyrir A- og B- hluta voru kr. 123.801.000.

Þannig er skuldarviðmið Dalvíkurbyggðar 43,9% sem er töluvert undir skuldarviðmiði sveitarfélaga.

Fjárfestingar ársins 2019 fyrir samstæðuna voru kr. 333.732.000 og gerði áætlun með viðaukum ráð fyrir kr. 324.406.000.

Veltufé frá rekstri var kr. 400.253.000 fyrir A- og B- hluta. Árið 2018 var veltufé frá rekstri kr. 433.157.000.

Heildartekjur A- og B- hluta voru um 2.539,0 m.kr., þar af er útsvarið 40,6%, fasteignaskattur 5,5%, framlög úr Jöfnunarsjóði 25,9% og aðrar tekjur 28%.

Laun og launatengd gjöld A- og B- hluta eru 1.352,5 m.kr. eða um 53,3% af tekjum.

Veltufjárlutfall A- og B- hluta var 1,19 og skuldahlutfallið 70,4%.

Eins og sést í ársreikningnum er rekstrarniðurstaðan 134 miljónum króna betri en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun og eru ástæður þessar helstar, horft er á samstæðuna í heild:

Mestu munar um hærri tekjur sem eru í heild um 116 miljónum umfram áætlun. Þar eru útsvarstekjur um 43 miljónum hærri en áætlað var og tekjur jöfnunarsjóðs eru hærri sem nemur rúmum 30 miljónum króna. Þjónustutekjur og aðrar tekjur skiluðu 38 miljónum króna meiri tekjum en áætlað var. Ekki er mikill munur á rekstrargjöldum en þau eru 9 miljónum króna lægri en áætlað var.

Í áritun sveitarstjórnar kemur fram að Covid-19 heimsfaraldurinn sem nú gengur yfir mun hafa veruleg áhrif á mörgum sviðum um allan heim þar með talið efnahagsleg. Veruleg óvissa ríkir um endanlega áhrif faraldursins s.s. vegna óvissu um hve lengi hann mun vara og hver áhrifin verða eftir að honum líkur. Vænta má að áhrif á rekstur sveitarfélagsins verði umtalsverð m.a. vegna lægri skatttekna og annarra tekna, frestun gjalddaga og aukinna útgjalda.

Það er mat stjórnenda sveitarfélagsins að ekki sé unnt, í ljósi framangreindrar óvissu, að leggja endanlegt mat á áhrif Covid-19 á rekstur sveitarfélagsins en meta greiðsluhæfi þess þó ekki skert.

Ég vil ítreka þakkir frá sveitarstjórn til starfsmanna Dalvíkurbyggðar og stjórnenda fyrir góða afkomu á rekstrarárinu og fyrir vinnuna við ársreikninginn.

Þá vil ég þakka samstarfsfólki í sveitarstjórn fyrir samstöðu við stjórnun sveitarfélagsins sem m.a. leiðir til þessarar góðu rekstrarniðurstöðu og sýnir þann kraft, jákvæðni og einhug sem í sveitarfélaginu býr.

Katrín Sigurjónsdóttir, sveitarstjóri.

Dalvíkurbyggð
Ársreikningur 2019

Dalvíkurbyggð
Ráðhúsinu
620 Dalvík

Kt. 620598-2089

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun sveitarstjórnar og sveitarstjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	10

Skýrsla og áritun sveitarstjórnar og sveitarstjóra

Ársreikningur Dalvíkurbyggðar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 2.539,2 millj. kr. samkvæmt samanteknum ársreikningi fyrir A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A hluta 2.184,8 millj. kr.

Álagningarhlutfall útsvars var 14,52% sem er lögbundið hámark þess. Álagningarhlutfall fasteignaskatts í A-flokki nam 0,50% en lögbundið hámark þess er 0,625%. Í B-flokki nam álagningarhlutfallið 1,32% sem er lögbundið hlutfall. Í C-flokki nam álagningarhlutfallið 1,65% sem er lögbundið hámark.

Rekstrarniðurstaða A og B hluta var jákvæð sem nam 204,4 millj. kr., og rekstrarniðurstaða A hluta var jákvæð sem nam 156,0 millj. kr. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam 3.283,6 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi fyrir A og B hluta, en eigið fé A hluta um 2.491,5 millj. kr.

Covid-19 heimsfaraldurinn sem nú gengur yfir mun hafa veruleg áhrif á mörgum sviðum um allan heim þar með talið efnahagsleg. Veruleg óvissa ríkir um efnahagsleg áhrif faraldursins s.s. vegna óvissu um hve lengi hann mun vara og hver áhrifin munu verða eftir að honum líkur. Vænta má að áhrif á rekstur sveitarfélagsins verði nokkur m.a. vegna lægri skatttekna og annarra tekna, frestun gjalddaga og aukinna útgjalda.

Ársreikningur Dalvíkurbyggðar fyrir árið 2019 er tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í sveitarstjórn.

Dalvíkurbyggð, 15.04. 2020.

Byggðarráð:

Guðmundur E. Einarsson
Tingmaður Sveinsson
Guðmundur H. Jónsson

Sveitarstjóri:

Jakob Sigurðsson

Ársreikningur Dalvíkurbyggðar fyrir árið 2019 hefur hlotið afgreiðslu sveitarstjórnar í samræmi við 61. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og er staðfestur og áritaður við síðari umræðu í sveitarstjórn.

Dalvíkurbyggð, 12.05. 2020.

Sveitarstjórn:

Þórunn Andrésdóttir
Jakob Sigurðsson
Þorhallur Karlsdóttir
Guðmundur E. Einarsson
Dagbjört Sigurpálsd.

Tingmaður Sveinsson
Guðmundur H. Jónsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til Sveitarstjórnar Davíkurbyggðar.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Dalkvíkurbyggðar fyrir árið 2019, sem hefur að geyma samstæðureikning fyrir sveitarfélagið, þ.e. sveitarsjóð, stofnanir þess og fyrirtæki með sjálfstætt reikningshald. Hann greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningssskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sveitarfélagsins 31. desember 2019 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð sveitarfélaginu í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð sveitarstjórnar og sveitarstjóra á ársreikningnum

Sveitarstjórn og sveitarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber sveitarstjórn og sveitarstjóra að leggja mat á rekstrarhæfi sveitarfélagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningssskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi nema það sé ekki lengur til staðar.

Sveitarstjórn og sveitarstjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun sveitarstjórnar og sveitarstjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um áframhaldandi rekstrarhæfi sveitarfélagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni haft neikvæð áhrif á rekstrarhæfi sveitarfélagsins.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.
- Öflum við nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna varðandi fjárhagslegar upplýsingar rekstrareininga sem falla undir starfsemi sveitarfélagsins til að geta gefið álit á ársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og framkvæmd endurskoðunar sveitarfélagsins og berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.


Við upplýsum sveitarstjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu bæjarstjóra og bæjarstjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Akureyri, 12. maí 2020

KPMG ehf.



Rekstrarreikningur ársins 2019

	Skýr.	A hluti			A og B hluti		
		Ársreikningur 2019	Áætlun 2019 með viðaukum	Ársreikningur 2018	Ársreikningur 2019	Áætlun 2019 með viðaukum	Ársreikningur 2018
Rekstrartekjur							
Skatttekjur án framl. Jöfnunarsjóðs ...	4	1.175.338	1.127.981	1.096.262	1.169.674	1.122.878	1.090.804
Framlög Jöfnunarsjóðs	4	657.805	626.918	624.188	657.805	626.918	624.188
Þjónustutekjur og aðrar tekjur	4	351.663	312.920	359.436	711.729	673.616	716.023
		<u>2.184.806</u>	<u>2.067.819</u>	<u>2.079.886</u>	<u>2.539.208</u>	<u>2.423.412</u>	<u>2.431.015</u>
Rekstrargjöld							
Laun og launatengd gjöld	5	1.270.413	1.283.511	1.167.392	1.352.566	1.366.489	1.249.045
Annar rekstrarkostnaður		666.256	654.031	653.056	776.090	770.803	752.916
		<u>1.936.669</u>	<u>1.937.542</u>	<u>1.820.448</u>	<u>2.128.656</u>	<u>2.137.292</u>	<u>2.001.961</u>
Rekstrarniðurst. fyrir afskriftir		248.136	130.277	259.438	410.552	286.120	429.054
Afskriftir	8	(91.258)	(90.157)	(87.757)	(152.549)	(160.806)	(145.554)
Rekstrarniðurstaða án fjármuna- tekna og fjármagnsgjalda		156.879	40.120	171.681	258.002	125.314	283.500
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	6	(902)	(6.870)	(4.549)	(37.949)	(44.540)	(44.045)
Rekstrarniðurstaða fyrir tekjuskatt		155.977	33.250	167.133	220.053	80.774	239.455
Tekjuskattur	15	0	0	0	(15.627)	(10.780)	(17.112)
Rekstrarniðurstaða	13	<u>155.977</u>	<u>33.250</u>	<u>167.133</u>	<u>204.426</u>	<u>69.994</u>	<u>222.344</u>

Efnahagsreikningur

		Eignir			
		A hluti		A og B hluti	
	Skýr.	2019	2018	2019	2018
Fastafjármunir					
Rekstrarfjármunir:					
Fasteignir, lóðir og lendur		2.538.127	2.455.032	2.588.393	2.515.951
Veitukerfi, hafnamannvirki og gatnakerfi		308.221	279.280	1.444.518	1.377.484
Vélar, áhöld og tæki		56.422	53.008	58.397	54.984
	8	2.902.770	2.787.321	4.091.308	3.948.419
Áhættufjármunir og langtímakröfur:					
Stofnframlög og eignarhlutir í félögum	9	187.953	171.702	187.953	171.702
Fyrirframgreiddur kostnaður	10	195.935	192.396	195.935	192.396
Langtímakröfur	11	149.286	0	149.286	0
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki	11	74.179	76.251	0	0
		607.352	440.348	533.173	364.097
	Fastafjármunir	3.510.122	3.227.669	4.624.481	4.312.516
Veltufjármunir					
Skammtímakröfur:					
Óinnheimtar tekjur	12	144.693	185.150	199.871	252.426
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki		137.028	85.673	0	0
Fyrirframgreiddur kostnaður	10	8.185	7.392	8.185	7.392
Næsta árs afborganir langtímakrafna	11	6.241	9.538	2.133	0
Aðrar skammtímakröfur		25.719	8.216	27.993	11.969
Handbært fé		209.419	170.105	209.419	170.105
	Veltufjármunir	531.285	466.075	447.601	441.892
	Eignir samtals	4.041.407	3.693.744	5.072.082	4.754.408

31. desember 2019

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	A hluti		A og B hluti	
		2019	2018	2019	2018
Eigið fé					
Eiginfjárreikningur	13	2.491.480	2.335.503	3.283.595	3.079.169
Skuldbindingar					
Lífeyrisskuldbinding	14	521.227	486.674	540.217	512.242
Tekjuskattsskuldbinding	15	0	0	56.913	62.837
		521.227	486.674	597.130	575.079
Langtímaskuldir					
Skuldir við lánastofnanir	16	593.899	486.363	803.368	737.246
Fyrirframinnheimtar tekjur		10.931	0	10.931	0
		604.831	486.363	814.299	737.246
Skammtímaskuldir					
Skuldir við eigin fyrirtæki		103.876	77.113	0	0
Skammtímahluti lífeyrisskuldbindingar	14	19.842	13.019	20.565	13.704
Fyrirframinnheimtar tekjur		793	0	793	0
Tekjuskattur til greiðslu	15	0	0	21.551	19.801
Næsta árs afborganir langtímaskulda	16	56.020	74.541	80.362	98.785
Aðrar skammtímaskuldir		243.339	220.531	253.787	230.625
		423.870	385.204	377.057	362.914
Skuldir og skuldbindingar samtals		1.549.927	1.358.241	1.788.487	1.675.239
Eigið fé og skuldir samtals		4.041.407	3.693.744	5.072.082	4.754.408
Ábyrgðir og skuldbindingar utan efnahagsreiknings	18				

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2019

Skýr	A hluti			A og B hluti			
	Ársreikningur 2019	Áætlun 2019 með viðaukum	Ársreikningur 2018	Ársreikningur 2019	Áætlun 2019 með viðaukum	Ársreikningur 2018	
Rekstrarhreyfingar							
Rekstrarniðurstaða	13	155.977	33.250	167.133	204.426	69.994	222.344
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:							
Afskriftir	8	91.258	90.157	87.757	152.549	160.806	145.554
Verðbætur langtímalíða	6	11.028	16.351	14.145	20.082	28.416	26.161
Tap (hagnaður) af sölu rekstrarfjármuna		667	305	0	(24.406)	(25.186)	0
Tekjuskattur, breyting		0	0	0	(5.924)	0	(2.689)
Hækkun á lífeyrisskuldbindingu	14	59.194	54.487	40.712	53.525	57.052	41.787
Veltufé frá rekstri		318.123	194.550	309.746	400.253	291.082	433.157
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:							
Fyrirframgreiddur kostnaður, breyting	10	7.392	0	(199.788)	7.392	0	(199.788)
Óinnheimtar tekjur, breyting		40.457	0	(22.596)	52.555	0	(7.339)
Skammtímakröfur, breyting		(17.502)	0	(1.184)	(16.024)	0	1.669
Skammtímaskuldir, breyting		22.808	0	(69.537)	24.912	0	(65.586)
Greiðslur vegna lífeyrisskuldbindingar	14	(17.819)	(16.270)	(16.724)	(18.689)	(17.031)	(17.453)
Samtals		35.336	(16.270)	(309.829)	50.146	(17.031)	(288.497)
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)		353.459	178.280	(84)	450.399	274.051	144.660
Fjárfestingarhreyfingar							
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	8	(237.012)	(239.406)	(177.122)	(333.732)	(324.406)	(281.878)
Söluverð rekstrarfjármuna		29.638	30.000	0	62.699	63.390	0
Eignarhlutir í félögum, breyting		(16.251)	(16.251)	(12.000)	(16.251)	(16.251)	(12.000)
Fyrirframgreiddur kostnaður, breyting	10	(11.724)	0	0	(11.724)	0	0
Langtímakröfur, breyting	11	(149.881)	(162.642)	0	(149.881)	(162.642)	0
Langtímakr. á eigin fyrirtæki, breyting	11	9.668	9.700	8.933	0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar		(375.563)	(378.599)	(180.189)	(448.889)	(439.909)	(293.878)
Fjármögnunarhreyfingar							
Viðskiptastaða eigin ft, breyting		(24.592)	75.174	(6.811)	0	0	0
Tekin ný langtímalán	16	149.881	162.000	214.500	149.881	252.000	214.500
Afborganir langtímalána	16	(75.596)	(76.564)	(78.772)	(123.801)	(125.851)	(116.639)
Fyrirframinnheimtar tekjur, breyting		11.724	0	0	11.724	0	0
Fjármögnunarhreyfingar		61.417	160.610	128.917	37.804	126.149	97.861
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		39.314	(39.709)	(51.356)	39.314	(39.709)	(51.356)
Handbært fé í ársbyrjun		170.105	170.105	221.461	170.105	170.105	221.461
Handbært fé í árslok		209.419	130.396	170.105	209.419	130.396	170.105

Skýringar

1. Upplýsingar um sveitarfélagið

Dalvíkurbyggð er sveitarfélag á Norðurlandi og var fjöldi íbúa þess 1.902 þann 1. desember 2019. Skrifstofa sveitarfélagsins er í Ráðhúsinu á Dalvík.

Mælt er fyrir um grundvallarþætti stjórnýslu og starfsemi sveitarfélaga í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Dalvíkurbyggðar árið 2019 hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir alla starfsemi þess, þ.e. A og B hluta, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð, en auk hans Eignasjóð. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Félagslegar íbúðir, Fráveita, Hafnasjóður, Hitaveita og Vatnsveita.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu að því undanskildu að rekstrarfjármunir hitaveitu eru endurmetnir til gangvirðis árið 2007 og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006, reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015 og auglýsingar ráðuneytis sveitarstjórnarmála um reikningsskil sveitarfélaga. Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru þó færðar á gangvirði. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður og er gerður í íslenskum krónum.

Stöður í efnahagsreikningi milli rekstrareininga í A hluta og viðskipti milli þeirra eru felld út í ársreikningi A hluta. Í ársreikningi fyrir A og B hluta eru felldar út stöður í efnahagsreikningi og viðskipti milli allra rekstrareininga sveitarfélagsins. Af viðskiptum milli rekstrareininga sveitarfélagsins má nefna álagða fasteignaskatta, húsaleigu Eignasjóðs og önnur innbyrðis viðskipti vegna kaupa á vöru og þjónustu.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum, nema annað sé tekið fram.

a. Innlaun tekna

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna heyra útsvar, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu rekstrarfjármuna er reiknað sem mismunur söluverðs og bókfærðs verðs og er hann færður í rekstrarreikning meðal rekstrartekna eða -gjalda, eftir því sem við á.

b. Færsla gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

c. Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðlagsbreytingar og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

d. Rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir aðrir en lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðir til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði að frádragnum afskriftum. Kostnaðarverð samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við öflun rekstrarfjármuna. Frá kostnaðarverði dragast álögð gatnagerðargjöld og önnur framlög og endurgreiðslur vegna stofnkostnaðar.

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðar á gangvirði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirbyggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar á hverjum reikningsskiladegi. Endurmat lóða og lendna er fært á eiginfjárreikning.

Í árslok 2007 var frámikvæmi sérstakt endurmat á veitukerfum og fasteignum hitaveitunnar. Við endurmatið voru viðkomandi eignaflokkar metnir til kostnaðarverðs m.t.t. afskrifta.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

d. Rekstrarfjármunir, frh.

Hitaveitukerfi og fasteignir hitaveitu eru skráð á endurmetnu verði í efnahagsreikningnum. Allar verðhækkanir vegna endurmats eru færðar á sérstakan endurmatsreikning meðal eigin fjár að teknu tilliti til áhrifa á tekjuskattsskuldbindingu. Afskriftir af endurmetna verðinu eru færðar í rekstrarreikning. Innlausn endurmats vegna afskrifta er færð af sérstökum endurmatsreikningi á óráðstafað eigið fé að teknu tilliti til tekjuskattsáhrifa. Við sölu eða niðurlagningu eigna er sá hluti endurmatsreikningsins sem tilheyrir þeirri eign færður á óráðstafað eigið fé.

e. Afskriftir rekstrarfjármuna

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Fasteignir.....	10 - 40 ár
Veitukerfi, hafnamannvirki og götur.....	25 ár
Vélar, áhöld og tæki.....	5 - 15 ár

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru ekki afskrifaðar.

f. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Stofnframlög og eignarhlutir í félögum eru færðir á kostnaðarverði, að frádreginni niðurfærslu vegna virðisrýrnunar. Framlög sveitarfélagsins til byggðasamлага og ýmissa verkefna teljast hluti kostnaðar vegna viðeigandi málaflokks.

g. Fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiddsla til Brúar lífeyrissjóðs vegna uppgjors A-deildar á árinu 2018 er færð til eignar og er framlag í lífeyrisaukasjóð gjaldfærð á 30 árum en framlag í varúðarsjóð á 20 árum til samræmis við ákvæði reglugerðar nr. 1212/2015. Auk þess eru eignfærð afföll af skuldabréfi og verður þeim dreift í samræmi við virka vexti brófsins.

h. Langtímakröfur

Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánskjör. Næsta árs afborganir langtímakrafna eru færðar í efnahagsreikningi meðal veitufjármuna.

i. Óinnheimtar tekjur og aðrar kröfur

Óinnheimtar tekjur og aðrar kröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign sveitarfélagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

j. Handbært fé

Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

k. Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisséttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð sem langtímaskuld í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingarfræðilegrar úttektar í árslok 2019. Reiknuð breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi sbr. skýringu 14. Áætlaðar næsta árs greiðslur sveitarfélagsins vegna lífeyrisskuldbindingar eru færðar meðal skammtímaskulda.

l. Tekjuskattur

Tekjuskattsskuldbinding þeirra fyrirtækja í B hluta sem eru tekjuskattsskyld er reiknuð og færð í ársreikninginn, en hún stafar af mismun á skattauppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattsstofn þessara fyrirtækja er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þeirra.

Útreikningur á tekjuskattsskuldbindingu byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjorsdegi.

m. Ábyrgðir og skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Upplýsingar um ábyrgðir og skuldbindingar sveitarfélagsins utan efnahagsreiknings eru birtar í skýringu 18.

n. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í árslok eins og lánskjör segja til um. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

o. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2019 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, sjóðstreymisýfirliti og skýringum. Um er að ræða fjárhagsáætlun með viðaukum sem sveitarstjórn hefur samþykkt. Gerð er grein fyrir upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum í skýringu 22.

Skýringar, frh.:

4. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2019	Áætlun 2019 með viðaukum	Ársreikningur 2018	Ársreikningur 2019	Áætlun 2019 með viðaukum	Ársreikningur 2018
Útvar og fasteignaskattur:						
Útvar.....	1.029.812	987.159	972.057	1.029.812	987.159	972.057
Fasteignaskattur.....	145.526	140.822	124.205	139.862	135.719	118.747
	<u>1.175.338</u>	<u>1.127.981</u>	<u>1.096.262</u>	<u>1.169.674</u>	<u>1.122.878</u>	<u>1.090.804</u>
Framlög Jöfnunarsjóðs:						
Framlag vegna tekjuföfnunar.....	56.875	41.341	38.335	56.875	41.341	38.335
Framlag vegna fasteignaskatts..	92.243	85.785	83.125	92.243	85.785	83.125
Framlag vegna útgjaldaöfnunar.	268.754	257.245	256.247	268.754	257.245	256.247
Framlag vegna grunnskóla.....	129.050	140.872	135.514	129.050	140.872	135.514
Önnur framlög.....	110.882	101.675	110.968	110.882	101.675	110.968
	<u>657.805</u>	<u>626.918</u>	<u>624.188</u>	<u>657.805</u>	<u>626.918</u>	<u>624.188</u>
Skatttekjur samtals	<u>1.833.143</u>	<u>1.754.899</u>	<u>1.720.449</u>	<u>1.827.479</u>	<u>1.749.796</u>	<u>1.714.992</u>
Aðrar tekjur:						
Aðrar tekjur.....	<u>351.663</u>	<u>312.920</u>	<u>359.436</u>	<u>711.729</u>	<u>673.616</u>	<u>716.023</u>
Rekstrartekjur samtals.....	<u>2.184.806</u>	<u>2.067.819</u>	<u>2.079.886</u>	<u>2.539.208</u>	<u>2.423.412</u>	<u>2.431.015</u>

5. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun	948.852	978.659	893.532	1.018.497	1.043.971	959.146
Endurgr. og eignf. launakostn.... (2.618)		0	(818)	(3.771)	0	(818)
Launatengd gjöld	257.693	250.365	226.574	277.022	261.063	241.537
Framlög vegna uppgjors						
A deildar Brúar lífeyrissjóðs....	7.293	7.392	7.392	7.293	7.392	7.392
Breyting á lífeyrisskuldbindingu.	59.194	47.095	40.712	53.525	54.063	41.787
Laun og launatengd gjöld samtals ..	<u>1.270.413</u>	<u>1.283.511</u>	<u>1.167.392</u>	<u>1.352.566</u>	<u>1.366.489</u>	<u>1.249.045</u>

2019 **2018**

Ársverk					136	134
Laun sveitarstjóra og sveitarstjórnar.....					22.389	22.548

6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

Vaxtatekjur	17.420	16.264	17.558	7.402	12.456	9.249
Arður af eignarhlutum.....	22.537	21.385	19.827	5.339	4.187	5.023
Vaxtagjöld	(29.832)	(28.168)	(27.789)	(30.608)	(32.573)	(32.156)
Verðbætur.....	(11.028)	(16.351)	(14.145)	(20.082)	(28.610)	(26.161)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals.....	<u>(902)</u>	<u>(6.870)</u>	<u>(4.549)</u>	<u>(37.949)</u>	<u>(44.540)</u>	<u>(44.045)</u>

Skýringar, frh.:

7. Heildaryfirlit um rekstur

Rekstur málaflokka, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins greinist þannig:

	Ársreikningur 2019	Áætlun 2019 með viðaukum	Ársreikningur 2018
Aðalsjóður:			
Skatttekjur	1.904.236	1.825.084	1.786.320
Félagsþjónusta	(168.403)	(177.145)	(132.189)
Heilbrigðismál	(2.379)	(2.955)	(2.755)
Fræðslu- og uppeldismál	(913.773)	(941.373)	(871.078)
Menningarmál	(104.800)	(109.585)	(96.506)
Æskulýðs- og íþróttamál	(316.156)	(316.139)	(283.785)
Brunamál og almannavarnir	(32.970)	(35.258)	(37.887)
Hreinlætismál	(17.415)	(18.989)	(20.564)
Skipulags- og byggingarmál	(51.062)	(46.152)	(39.019)
Umferðar- og samgöngumál	(100.942)	(90.301)	(77.498)
Umhverfismál	(56.841)	(54.810)	(44.751)
Atvinnumál	(32.311)	(33.625)	(23.915)
Sameiginlegur kostnaður	(119.010)	(125.375)	(111.189)
Lífeyrisskuldbinding, breyting	(66.487)	(54.487)	(48.104)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	135.800	144.302	136.403
Aðalsjóður samtals	57.486	(41.807)	133.484
A hluta stofnana:			
Eignasjóður	98.491	75.057	33.649
A hluti samtals	155.977	33.250	167.133
B hluta fyrirtækja:			
Félagslegar íbúðir	15.740	18.917	(8.224)
Fráveita	21.708	15.525	21.864
Hafnasjóður	3.360	(376)	29.184
Hitaveita	25.934	20.131	20.653
Vatnsveita	(1.094)	(255)	6.538
Innri færslur A og B hluta	(17.198)	(17.198)	(14.804)
A og B hluti samtals	204.426	69.994	222.344

8. Rekstrarfjármunir

a. Bókfært verð

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir, lóðir og lendur	Götur	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
A hluti:				
Heildarverð 1.1.2019	3.652.530	384.277	159.411	4.196.217
Afskrifað áður	(1.197.497)	(104.997)	(106.402)	(1.408.896)
Bókfært verð 1.1.2019	2.455.032	279.280	53.008	2.787.321
Viðbót á árinu	175.752	45.008	16.252	237.012
Selt og fært út á árinu	(30.305)	0	0	(30.305)
Afskrifað á árinu	(62.352)	(16.067)	(12.839)	(91.258)
Bókfært verð 31.12.2019	2.538.127	308.221	56.422	2.902.770
Heildarverð 31.12.2019	3.797.976	429.285	175.663	4.402.924
Afskrifað samtals	(1.259.849)	(121.064)	(119.241)	(1.500.154)
Bókfært verð 31.12.2019	2.538.127	308.221	56.422	2.902.770
Afskriftarhlutföll	0 - 10,0%	4,0%	6,7 - 20,0%	

Skýringar, frh.:

8. Rekstrarfjármunir, frh.:

	Fasteignir, lóðir og lendur	Veitukerfi, hafnamannv. og götur	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
A og B hluti:				
Heildarverð 1.1.2019	3.843.293	2.600.409	179.164	6.622.866
Afskrifað áður	(1.327.342)	(1.222.925)	(124.180)	(2.674.448)
Bókfært verð 1.1.2019	2.515.951	1.377.484	54.984	3.948.419
Viðbót á árinu	175.752	141.728	16.252	333.732
Afskrifað á árinu	(65.016)	(74.694)	(12.839)	(152.549)
Bókfært verð 31.12.2019	2.588.393	1.444.518	58.397	4.091.308
Heildarverð 31.12.2019	3.980.752	2.742.137	195.416	6.918.305
Afskrifað samtals	(1.392.359)	(1.297.619)	(137.019)	(2.826.997)
Bókfært verð 31.12.2019	2.588.393	1.444.518	58.397	4.091.308
Afskriftarhlutföll	0 - 10,0%	4,0%	6,7 - 20,0%	

b. Fjárfesting

Fjárfesting í rekstrarfjármunum á árinu:

	Fjárfesting 2019	Áætlun 2019 með viðaukum
A hluti.....	237.012	239.406
B hluti:		
Fráveita	11.133	10.000
Hafnasjóður	68.563	58.500
Hitaveita	5.825	6.000
Vatnsveita	11.198	10.500
Samtals A og B hluti	333.732	324.406

c. Fasteignamat og vátryggingaverð

Brunabótamat, fasteignamat og vátryggingaverð rekstrarfjármuna skiptist þannig í árslok:

	A hluti	A og B hluti
Brunabótamat fasteigna.....	5.895.775	6.585.219
Fasteignamat.....	1.569.356	1.860.552
Vátryggingaverðmæti lausafjármuna.....	414.491	540.494
Vátryggingaverðmæti hafna.....		1.793.289
Vátryggingaverðmæti veitumannvirkja.....		2.212.606

9. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Stofnframlög og eignarhlutir í félögum greinast þannig:

	Eignarhlutur		Bókfært verð	
	A hluti	A og B hluti	A hluti	A og B hluti
BHS ehf.	11,1%	11,1%	1.014	1.014
Flokkun Eyjafjörður ehf.	8,9%	8,9%	22.186	22.186
Greið leið ehf.	0,3%	0,3%	114	114
Landskerfi bókasafna hf.	0,4%	0,4%	539	539
Lánasjóður sveitarfélaga ohf.	1,4%	1,4%	119.330	119.330
Leiguíbúðir Dalvíkurbyggðar hses.....	100,0%	100,0%	32.592	32.592
Tækifæri hf.	1,0%	1,0%	12.179	12.179
Eignarhlutir í félögum samtals.....			187.953	187.953

Skýringar, frh.:

10. Fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreidd framlög vegna uppgjors við Brú lílfeyrissjóð á árinu 2018 eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Sá hluti sem verður gjaldfærður á árinu 2020 er færður meðal veltufjármuna, en það sem kemur til gjaldfærslu síðar er fært meðal fastafjármuna. Gjaldfærslur vegna uppgjorsins eru færðar meðal launa og launatengdra gjalda í rekstrarreikningi. Á árinu voru eignfærð afföll af skuldabréfi og verður þeim dreift í samræmi við virka vexti bréfsins.

Breyting fyrirframgreidds kostnaðar á árinu greinist þannig:

	Brú	Afföll	A hluti A og B hluti
Fyrirframgreiddur kostnaður í ársbyrjun	199.788	0	199.788
Viðbót á árinu.....	0	12.119	12.119
Gjaldfært á árinu.....	(7.392)	(395)	(7.787)
Fyrirframgreiddur kostnaður samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	192.396	11.724	204.120
Næsta árs afborganir	(7.932)	(793)	(8.185)
Fyrirframgreiddur kostnaður samtals.....	184.464	10.931	195.935

Gjaldfærslur fyrirframgreidds kostnaður greinast þannig á næstu ár:

Árið 2020	7.392	793	8.185
Árið 2021	7.392	659	8.051
Árið 2022	7.392	640	8.032
Árið 2023	7.392	621	8.013
Árið 2024	7.392	602	7.994
Síðar	155.435	8.409	163.844
Fyrirframgreiddur kostnaður samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	192.396	11.724	204.120

11. Langtímakröfur

	Langtíma- kröfur á eigin fyrirtæki	A hluti	A og B hluti
Breyting langtímakrafna á árinu greinist þannig:			
Staða langtímakrafna í ársbyrjun	85.789	0	0
Viðbót á árinu.....	0	149.881	149.881
Afborgun á árinu.....	(9.668)	0	0
Verðbætur.....	2.166	1.537	1.537
Langtímakröfur samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	78.288	151.418	151.418
Næsta árs afborganir	(4.108)	(2.133)	(2.133)
Langtímakröfur samtals.....	74.179	149.286	149.286

Afborganir langtímakrafna greinast þannig á næstu ár:

Árið 2020	4.108	2.133	2.133
Árið 2021	4.297	4.265	4.265
Árið 2022	4.495	4.265	4.265
Árið 2023	4.701	4.265	4.265
Árið 2024	4.917	4.265	4.265
Síðar	55.769	132.224	132.224
Langtímakröfur samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	78.288	151.418	151.418

Skýringar, frh.:

12. Skammtímakröfur

Óinnheimtar tekjur greinast þannig:	A hluti	A og B hluti
Óinnheimtar skatttekjur.....	103.276	103.276
Óinnheimtar aðrar tekjur.....	41.417	96.595
Óinnheimtar tekjur í árslok	144.693	199.871
Niðurfærsla óinnheimtra tekna greinist þannig:		
Niðurfærsla í ársbyrjun	43.880	50.321
Afskrifað á árinu	(688)	(1.428)
Niðurfærsla, breyting á árinu.....	5.543	3.358
Niðurfærsla í árslok	48.735	52.251

13. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:	A hluti
Eigið fé 1.1.2019.....	2.335.503
Rekstrarniðurstaða ársins.....	155.977
Eigið fé 31.12.2019.....	2.491.480

	Sérstakt endurmat	Óráðstafað eigið fé	Eiginfjár reikningur
Eigið fé 1.1.2019.....	94.561	2.984.608	3.079.169
Niðurfærsla á sérstöku endurmati.....	(8.629)	8.629	0
Rekstrarniðurstaða ársins.....	0	204.426	204.426
Eigið fé 31.12.2019.....	85.932	3.197.663	3.283.595

14. Lífeyrisskuldbinding

Á sveitarfélaginu hvílir skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins. Hækkun ársins á lífeyrisréttindum, sem byggð er á útreikningi tryggingarstærðfræðings, er færð í rekstrarreikning og til hækkunar á lífeyrisskuldbindingunni. Greiddur lífeyrir er færður til lækkunar á lífeyrisskuldbindingunni. Breyting lífeyrisskuldbindingar greinist þannig:

	A hluti	A og B hluti
Lífeyrisskuldbinding í ársbyrjun	499.693	525.946
Framlag vegna lífeyrisgreiðslna	(17.819)	(18.689)
Hækkun lífeyrisskuldbindingar á árinu	59.194	53.525
Lífeyrisskuldbinding í árslok	541.068	560.782
Skammtímahluti lífeyrisskuldbindingar	(19.842)	(20.565)
Langtímahluti lífeyrisskuldbindingar í árslok	521.227	540.217

Núvirði áætlaðra greiðslna vegna lífeyrisskuldbindingar greinist þannig á næstu ár:

Árin 2020 - 2024.....	108.690	112.650
Árin 2025 - 2029.....	117.728	122.017
Árin 2030 - 2034.....	108.121	112.060
Síðar.....	206.530	214.055
	541.068	560.782

Skýringar, frh.:

15. Tekjuskattsskuldbinding

Hitaveita Dalvíkurbyggðar er B hluta fyrirtæki í ársreikningi sveitarfélagsins en fyrirtækið er skattskyldt samkvæmt lögum um orkufyrirtæki nr. 50/2005. Tekjuskattur er reiknaður miðað við skatthlutfall samkvæmt gildandi lögum á uppgjörsdegi, nú 37,6%.

Tekjuskattsskuldbinding skattskyldra eininga í A og B hluta greinist þannig:

Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun.....	62.837
Tekjuskattur ársins.....	15.627
Tekjuskattur til greiðslu.....	(21.551)
Tekjuskattsskuldbinding í árslok.....	56.913

Tekjuskattsskuldbinding sveitarfélagsins skiptist þannig í árslok:

Rekstrarfjármunir.....	56.974
Viðskiptakröfur.....	(61)
Tekjuskattsskuldbinding í árslok.....	56.913

16. Langtímaskuldir

Breyting langtímalána á árinu greinist þannig:

	Óverðtryggð lán	Verðtryggð lán	Samtals
A hluti:			
Langtímaskuldir í ársbyrjun	40.000	520.904	560.904
Tekin ný lán.....	0	149.881	149.881
Afborganir af lánum	(8.000)	(67.596)	(75.596)
Verðbætur	0	14.731	14.731
Langtímaskuldir samtals þ.m.t. næsta árs afborganir	32.000	617.920	649.920
Næsta árs afborganir	(8.000)	(48.020)	(56.020)
Langtímaskuldir í árslok.....	24.000	569.899	593.899
A og B hluti:			
Langtímaskuldir í ársbyrjun	40.000	796.031	836.031
Tekin ný lán.....	0	149.881	149.881
Afborganir af lánum	(8.000)	(115.801)	(123.801)
Verðbætur.....	0	21.620	21.620
Langtímaskuldir samtals þ.m.t. næsta árs afborganir	32.000	851.730	883.730
Næsta árs afborganir	(8.000)	(72.362)	(80.362)
